

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2020  
UST202008-244/H.G.  
04.05

**Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010**

Vísað er í drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010. Í tillögunni er m.a. lagt til að skipa sérstaka stjórnsýsluncfnd sem hcfur það hlutverk að taka sameiginlega skipulagsákvörðun sem nær til einnar framkvæmdar vegna flutningskerfis raforku, þvert á sveitarfélagamörk.

Umhverfisstofnum fer m.a. með eftirlit með framfylgd laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða.

Áður en ráðist er í framkvæmdir á friðlýstum svæðum þarf leyfi Umhverfisstofnunar að liggja fyrir. Mismunandi er hvaða reglur gilda á friðlýstum svæðum og fer það eftir efni friðlysingarskilmála, laga eða reglugerða hvers svæðis fyrir sig. Ennfremur getur verið mælt fyrir um landnýtingu og fleira í stjórnunar- og verndaráætlunum sem gerðar hafa verið fyrir sum svæði, skv. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Benda má að Umhverfisstofnun veitir umsagnir samkvæmt eftirfarandi ákvæðum náttúruverndarlaga:

- Samkvæmt 2. og 3. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga þá skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við veitingu framkvæmda- eða eftir atvikum byggingarleyfis ef raska á svæðum eða náttúrumínjum sem hafa verið á B- og C-hluta náttúrumínjaskrár, nema fyrri liggi staðfest aðalskipulag- og samþykkt deiliskipulag.
- Samkvæmt 54. gr. skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt fyrir starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis sem geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins
- Samkvæmt 57. gr. skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við töku ákvörðunar sem felur í sér röskun friðaðs vistkerfis, friðaðrar vistgerðar eða búsvæðis friðaðrar tegundar, t.d. með veitingu framkvæmdaleyfis eða byggingarleyfis
- Samkvæmt 61. gr. skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda- eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem hafa í sér för röskun á svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin vill benda á að senda skal afrit af útgefnu leyfi til Umhverfisstofnunar, skv. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga
- Samkvæmt 68. gr. skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegrar breytingar á þeim auk, eftir atvikum, við gerð deiliskipulags, sbr. 68. gr. náttúruverndarlaga.

Áð lokum vill Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að tryggt verði aðgengi og gagnsæi að úrlausnum nefndarinnar og að fram komi hvort ákvörðun nefndarinnar sætir kæru til ráðherra eða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Einnig skortir frekari skýringu á hlutverki nefndarinnar og hvort það takmarkist eingöngu við framkvæmdir vegna flutningskerfis raforku eða hvort þær ná einnig til framkvæmda svo sem vatnslagna og vegagerðar.

  
Elín Bj. Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst,

  
Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur